

Fundargerð











Fimmtudaginn 4. mars 2021 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð

- 1. Fundargerðir síðustu fundar**
Fundargerðir 369 og 370 samþykktar.

- 2. Fundargögn**

Afrit fundargagna eru rafrænt vistuð í skjalakerfi SRN

 369 fundargerð 28 01 2021.docx	 Fjárhagsáætlun 2021 - nýtt yfirlit .xlsx
 370 fundargerð 18 02 2021.docx	 Fjárhagsáætlun 2021-2024 - valin SVF.pdf
 Bréf frá Jöfnunarsjóði vegna Sveitarfélagsins Voga .pdf	 Fjárhagsstaða Strandabyggðar - minnisblað 14.12.20.pdf
 Bréf frá Vogum.pdf	 Samkomulag ráðherra og Strandabyggðar 2021 - drög.docx
 Bréf til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, 3.3.21.docx.pdf	 Strandabyggð fjárhagsleg markmiðasetning desember 2020.pdf

- 3. Sveitarfélagið Vogar**

Lagt fyrir bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 1. mars 2021, og bréf frá sveitarfélaginu Vogum, dags. 26. janúar 2021. Jöfnunarsjóður ritaði nefndinni bréf þar sem óskað er eftir umsögn nefndarinnar um ósk sveitarfélagsins Voga um framlag vegna úttektar á fjárhag sveitarfélagsins. Fram kemur í erindinu frá Sveitarfélaginu Vogum að gert ráð fyrir hallarekstri á hverju ári til ársins 2024. Á sama tími er sveitarfélagið í miklum vexti og stórar fjárfestingar í innviðum fram undan. Mikilvægt er að fara í úttekt með það að markmiði að ná jafnvægi rekstri þannig að sveitarfélagið geti staðið við skuldbindingar sínar og sinnt nauðsynlegum verkefnum í ljósi mikilli vaxta

Eftir að hafa farið yfir gögn málsins ásamt yfirferð á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2021-2024 mælir eftirlitsnefndin með að beiðni Sveitarfélagsins Voga um framlag vegna kostnaðar við úttektar á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins verði samþykkt.

- 4. Strandabyggð**

Lagt fyrir bréf til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, dags. 3. mars 2021, frá Strandabyggð, drög að samkomulagi milli ráðherra og Strandabyggðar, skýrsla frá KPMG um fjármál sveitarfélagsins og minnisblað frá sveitarstjórn Strandabyggðar, dags. 14. desember 2020.

Fram kemur í bréfinu frá Strandabyggðar að óskað var fyrst eftir stuðningi sveitarstjórnarráðherra í ágúst sl. vegna erfiðrar fjárhagsstöðu. Síðan þá hafa verið mikil samskipti milli fulltrúa ráðuneytisins og Strandabyggðar og var samkomulagið mótað í samstarfi beggja aðila. Sveitastjórn er einhuga um að sú vegferð sem felst í samkomulaginu sé nauðsynleg og feli í sér tækifæri til úrbóta. Fjárhagsstaða sveitarfélagsins er ekki góð og svigrúm vegna óvæntra útgjald er lítið sem ekkert.

Eftirlitsnefndin hefur yfirfarið öll gögn málsins og í ljósi þeirra mælir nefndin með því að gert verður samkomulag ráðherra og Strandabyggða um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit á grundvelli 2. mgr. 83. gr. laga nr. 138/2011.

5. Fjárhagsáætlun 2021

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árið 2021. Ákveðið var að skoða nánar þau sveitarfélög sem uppfylla ákveðin viðmið sem sett voru á síðasta fundi en þau eru; neikvæð rekstrarniðurstaða, neikvæð framlegð og neikvætt veltufé. Jafnframt að skoða nánar sveitarfélög sem eru með miklar fjárfestingar. Ákveðið var að nefndarmenn skipti með sér sveitarfélögum sem um ræðir og fari vel yfir fjárhagsáætlanir 2021-2024. Umræðu verður haldið áfram á næsta fundi.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi lauk kl. 11:00